

# *Skilmálar Kviku eignastýringar vegna fjárfestingarþjónustu*

## **1. Inngangur**

Þessir viðskiptaskilmálar („**skilmálarnir**“) hafa verið útbúnir í samræmi við þau lög sem verðbréfafyrirtækjum ber að hlíta í starfsemi sinni. Hugtök sem skilgreind eru í lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, eða reglugerðum eða reglum sem settar eru á grundvelli þeirra, skulu hafa sömu merkingu hér, nema annað sé tekið fram eða leiðir af samhengi eða eðli máls.

Viðskiptavinur, eftir að hafa fengið skilmálana afhenta, telst hafa samþykkt skilmálana með bindandi hætti þegar hann gefur fyrirmæli til eða gerir samninga við eða framkvæmir viðskipti hjá eða að öðru leyti nýtir sér fjárfestingarþjónustu, Kviku eignastýringar hf. („**Kvika eignastýring**“ eða „**félagið**“).

Skilmálar þessir og nánari upplýsingar um þjónustu Kviku eignastýringar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

## **2. Helstu upplýsingar**

### 2.1. Um Kviku eignastýringu

Kvika eignastýring hf.

Kennitala: 520506-1010

Katrínartúni 2

105 Reykjavík

Sími: (+354) 522-0010

Heimasíða: [www.kvikaegignastyring.is](http://www.kvikaegignastyring.is)

Netfang: [thjonusta@kvikaegignastyring.is](mailto:thjonusta@kvikaegignastyring.is)

LEI auðkenni: 254900KDKDGN7PYWFY76

Skrifleg erindi viðskiptavinar skulu send á varanlegum miðli, s.s. með bréfpósti, tölvupósti eða öðru rafrænu samskiptaformi sem Kvika eignastýringu samþykkir, til viðeigandi starfsmanna eða sviða Kviku eignastýringar. Viti viðskiptavinur ekki hvert skuli beina fyrirspurn skal hann hafa samband við Kviku eignastýringu með framangreindum samskiptaleiðum. Viðskiptavinur samþykkir þá áhættu sem felst í rafrænu samskiptaformi m.a. hættuna á því að tölvupóstur komist ekki til skila á réttum tíma og mögulega hættu á því að trúnaði verði stefnt í hættu með slíku samskiptaformi

Viðskiptavinur getur átt samskipti Kviku eignastýringu á íslensku eða ensku.

### 2.2. Þjónusta sem Kviku eignastýringu er heimilt að veita

Kvika eignastýring er samkvæmt starfsleyfi sínu heimilt til að veita ákveðnar tegundir fjárfestingarþjónustu og stunda fjárfestingarstarfsemi.

### 2.3. Eftirlit

Kvíka eignastýring er undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands („Fjármálaeftirlitið“) (<https://www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit/>).

Útibú og dótturfélög Kvíku eignastýringar í öðrum aðildarríkjum innan Evrópska efnahagssvæðisins, eða utan, eru undir eftirliti eftirlitsaðila viðkomandi ríkis, eftir því sem við á. Nánari upplýsingar um útibú og dótturfélög má finna á heimasíðu Kvíku eignastýringar.

### 3. *Gildissvið*

Skilmálarnir gilda þegar Kvíka eignastýring veitir þá fjárfestingarþjónustu og -starfsemi, í samræmi við starfsheimildir sínar, eða þegar sérstaklega er vísað til skilmálanna í samningi viðskiptavinar við Kvíku eignastýringu.

Sérstakir skilmálar og samningar vegna fjármálaþjónustu gilda samhliða skilmálum þessum. Ef ósamræmi er milli skilmála þessara og ákvæða annarra samninga og skilmála Kvíku eignastýringar um sérgreind viðskipti skulu skilmálar þessir víkja fyrir þeim.

Almennir viðskiptaskilmálar Kvíku eignastýringar skulu vera skilmálum þessum til fyllingar.

### 4. *Flokkun viðskiptavina*

Við upphaf viðskiptasambands er Kvíku eignastýringu skylt að flokka viðskiptavini sína í eftirfarandi flokka, í samræmi við lög: almenna fjárfesta, fagfjárfesta og viðurkennda gagnaðila. Flokkun byggist á upplýsingagjöf viðskiptavinar, samanber nánar grein 6, og er framkvæmd í samræmi við verklagsreglur Kvíku eignastýringar um flokkun viðskiptavina. Kvíka eignastýring mun tilkynna viðskiptavinum um flokkun þeirra áður en þjónusta er veitt.

Flokkun viðskiptavina hefur einkum áhrif á hvaða verndar viðskiptavinur nýtur. Þannig njóta þeir viðskiptavinir sem teljast almennir fjárfestar ríkari verndar en fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar. Viðskiptavinir sem flokkaðir eru fagfjárfestar eru til að mynda taldir búa yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja sjálfstætt mat á einstaka markaði, fjárfestingarkosti og viðskipti, og ráðgjöf sem veitt er af Kvíku eignastýringu og þeirri áhættu sem þessu fylgir.

Kvíku eignastýringu ber að afla upplýsinga frá viðskiptavini í þeim tilgangi að meta hvort viðkomandi fjárfestingarþjónusta eða -gerningar hæfi eða séu tilhlýðilegir fyrir viðkomandi viðskiptavin, svonefnd hæfis- eða tilhlýðileikamat, eftir því sem við á. Flokkun viðskiptavinar er mikilvæg við framkvæmd þeirra, sem og við mat á því hvað teljist „besta framkvæmd“ þegar viðskipti eru framkvæmd fyrir viðskiptavin.

Viðskiptavinur getur óskað eftir að fá flokkun sinni breytt. Óski fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili eftir að vera flokkaður sem almennur fjárfestir (eða, í tilviki viðurkenndra gagnaðila, fagfjárfestir), hvort sem er almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar, þarf viðskiptavinur að gera sérstakt samkomulag við Kvíka eignastýringar þar um. Almennir fjárfestar sem óska eftir að verða flokkaðir sem fagfjárfestar verða að uppfylla þau skilyrði sem lög kveða á um og undirrita sérstaka yfirlýsingu um að honum sé kunnugt um afleiðingar þess að missa slíka réttarvernd.

Kvíku eignastýringu er heimilt (en ekki skylt) að eigin frumkvæði að fara með viðskiptavin sem telst viðurkenndur gagnaðili eða fagfjárfestir samkvæmt lögum sem almennan fjárfestir (eða, í tilviki viðurkenndra gagnaðila, fagfjárfesti).

Frekari upplýsingar um mismunandi flokka, flokkun, breytingar á flokkun og skjöl þar um má nálgast hjá Kvíku eignastýringu.

## 5. Fjárfestingarráðgjöf og eignastýring

Kvíku eignastýringu er heimilt að veita viðskiptavinum sínum fjárfestingarráðgjöf og eignastýringarþjónustu. Sú fjárfestingarráðgjöf sem Kvíka eignastýring veitir telst ekki óháð fjárfestingarráðgjöf samkvæmt skilyrðum laga þar um.

Áður en fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónusta er veitt ber Kvíku eignastýringu að afla tiltekinna upplýsinga um viðskiptavin og, á grundvelli þeirra upplýsinga, meta hvort vara eða þjónusta hæfi viðskiptavini. Það er því mikilvægt að þær upplýsingar sem viðskiptavinur veitir séu réttar. Nánar er fjallað um upplýsingagjöf viðskiptavinar í grein 6.

Eftir að Kvíka eignastýring hefur veitt viðskiptavini, sem er almennur fjárfestir, fjárfestingarráðgjöf, en áður en viðskipti eiga sér stað, mun Kvíka eignastýring afhenda viðskiptavini skýrslu þar sem tilgreint er hvaða fjárfestingarráðgjöf hefur verið veitt og hvernig hún samræmist áherslum, markmiðum og öðrum þörfum hans.

Sú fjárfestingarráðgjöf sem Kvíka eignastýring veitir byggir á greiningu á ólíkum tegundum fjármálagerninga, sem seldir eru af Kvíku eignastýringu, eða félögum innan samstæðu, og tilgreindir eru í vöruhandbók Kvíku eignastýringar hverju sinni, nema í þeim tilvikum sem viðskiptavinur óskar eftir ráðgjöf sem varðar tiltekinn fjármálagerning eða tiltekna tegund fjármálagerninga. Lýsing á tegundum þeirra fjármálagerninga sem kunna að koma til greina, eðli þeirra og helstu áhættuþáttum, eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins, [www.kvikaegignastyring.is](http://www.kvikaegignastyring.is).

Viðskiptavini er ljóst að Kvíka eignastýring er sjálft útgefandi fjármálagerninga og getur einnig haft svo nán tengsl við útgefendur fjármálagerninga eða aðra aðila sem láta í té fjármálagerninga að hætta er á að þau dragi úr óhæði þeirrar ráðgjafar sem veitt er viðskiptavini og varðar fjármálagerningar sem eru gefnir út eða látnir í té af þessum aðilum. Listi yfir þá aðila sem Kvíka eignastýring hefur nán tengsl við í þessum skilningi hverju sinni er að finna á heimasíðu félagsins [www.kvikaegignastyring.is](http://www.kvikaegignastyring.is).

Kvíka eignastýring mun ekki láta viðskiptavini í té reglubundið mat á því hvort þeir fjármálagerningar sem mælt er með hæfi honum, nema um það sé sérstaklega samið eða samkvæmt lagaskyldu.

Sérstakur samningur er gerður við viðskiptavin um fjárfestingarráðgjöf og eignastýringarþjónustu.

## 6. Upplýsingagjöf viðskiptavinar

Samkvæmt lögum ber Kvíku eignastýringu að afla tiltekinna upplýsinga frá viðskiptavini, m.a. til að geta lagt mat á hvort að viðkomandi fjárfestingarþjónusta eða -gerningur hæfi honum eða sé tilhlýðilegur fyrir hann, eftir því sem við á. Kvíka eignastýring hefur útbúið sérstök form og viðmót til öflunar slíkra upplýsinga frá viðskiptavinum, sem viðskiptavini verða afhent. Kvíka eignastýring áskilur sér þó rétt til að afla frekari upplýsinga frá viðskiptavini, eftir því sem það telur þörf á.

Tilgangur upplýsingaöflunar og mat á hæfi og tilhlýðileika er að gera Kvíku eignastýringu kleift að aðhafast með hagsmuni viðskiptavinarins að leiðarljósi.

Þær upplýsingar sem viðskiptavinur veitir Kvíku eignastýringu skulu vera réttar og fullnægjandi svo fyrirtækið getið uppfyllt skyldur sínar samkvæmt lögum.

Viðskiptavinur skal upplýsa Kvíku eignastýringu skriflega um breytingar á veittum upplýsingum sem haft geta áhrif á flokkun viðskiptavinar eða mat Kvíku eignastýringar á hæfi og tilhlýðileika.

Kvíku eignastýringu er heimilt að leggja þær upplýsingar sem viðskiptavinur afhendir til grundvallar mati á hæfi og tilhlýðileika, nema fyrirtækinu sé kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um að upplýsingarnar séu sannanlega úreltar, rangar eða ófullgerðar. Kvíku eignastýringu er þó heimilt (en aldrei skylt) að framkvæma hverjar þær

athuganir og afla þeirra frekari upplýsinga sem fyrirtækið telur þörf á til að ganga úr skugga um að þær upplýsingar sem viðskiptavinur hefur veitt séu áreiðanlegar.

Viðskiptavini er ljóst að ef viðskiptavinur afhendir ekki Kviku eignastýringu réttar eða fullnægjandi upplýsingar þá er Kviku eignastýringu ókleift að meta hvort fjárfestingarþjónusta eða -gerningur hæfi honum eða sé tilhlýðilegur fyrir hann. Í tilviki fjárfestingarráðgjafar eða stýringar eignasafns mun viðskiptavinur verða upplýstur um að ekki sé unnt að veita honum slíka þjónustu eða eiga viðskipti með viðkomandi fjármálagernina fyrr en fullnægjandi upplýsingar hafi verið veittar. Að því er varðar aðra fjárfestingarþjónustu, verður viðskiptavinur upplýstur um að þær upplýsingar sem veittar hafi verið Kviku eignastýringu séu ófullnægjandi og því verði að líta svo á að fjárfestingarþjónusta eða -gerningur sé ekki tilhlýðilegar fyrir viðskiptavin. Óski viðskiptavinur, þrátt fyrir slíka aðvörun, eftir því að halda áfram með viðskipti eða fjárfestingarþjónustu, þá er það á hans eigin áhættu og ábyrgð. Ófullnægjandi upplýsingagjöf af hálfu viðskiptavinar kann því að draga úr þeirri vernd sem hann myndi annars njóta.

## 7. Hagsmunaárekstrar

Kviku eignastýringu ber að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu milli (i) Kviku eignastýringar og viðskiptavina þess og (ii) viðskiptavina Kviku eignastýringar innbyrðis.

Kvika eignastýring hefur sett sérstakar reglur um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. Reglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu Kviku eignastýringar. Þeim er ætlað að takmarka hagsmunaárekstra í rekstri Kviku eignastýringar og fjalla um það hvernig hagsmunaárekstrar skulu meðhöndlaðir ef þeir koma upp. Markmið reglnanna er að auka trúverðugleika Kviku eignastýringar og koma í veg fyrir að hagsmunaárekstrar skaði hagsmuni viðskiptavina. Jafnframt er markmið reglnanna að koma í veg fyrir að hlutlægni þeirra sem eftir þeim starfa verði dregin í efa við meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Skipulag Kviku eignastýringar og aðskilnaður starfssviða, sem og trúnaðarskyldur starfsmanna, hefur í för með sér að starfsmenn sem eru í samskiptum við viðskiptavini muni ekki hafa upplýsingar um, eða er óheimilt að nota, upplýsingar sem til staðar eru innan Kviku eignastýringar, óháð því hvort slíkar upplýsingar hafi þýðingu fyrir fjárfestingarákvarðanir viðskiptavinar. Í einhverjum tilvikum kann tengiliður viðskiptavinar innan Kviku eignastýringar á viðkomandi sviði að vera óheimilt að veita ráðgjöf um tilteknar fjárfestingar. Í slíkum tilvikum kann Kvika eignastýringu að vera ókleift að veita rökstuðning fyrir því af hverju fyrirtækið geti ekki veitt tiltekna ráðgjöf eða framkvæmd tiltekin viðskipti.

Viðskiptavini er kunnugt um að Kvika eignastýring eða tengdir aðilar geti verið gagnaðilar í viðskiptum með fjármálagerninga og framkvæmt viðskipti á markaði fyrir aðra viðskiptavini sína á sama tíma. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir að hagsmunir hans, annarra viðskiptavina Kviku eignastýringar og fyrirtækisins sjálfs, geta verið ólíkir á hverjum tíma. Kvika eignastýring getur ekki ábyrgt að slíkir hagsmunir muni ekki hafa áhrif á hagnað eða tap af viðskiptum viðskiptavina.

## 8. Áhætta

Viðskiptavini er ljóst að fjárfesting í og viðskipti með fjármálagerninga fela í sér tapsáhættu. Fjármálagerningur sem fjárfest er í kann að hækka eða lækka í virði. Verðmæti fjármálagerninga fer, meðal annars, eftir verðflökti á fjármálamörkuðum. Sögulegar upplýsingar um verðþróun og ávöxtun fjármálagernings er hvorki áreiðanleg vísbending um né trygging fyrir verðþróun eða ávöxtun hans til framtíðar.

Yfirlit yfir eðli og áhættuþætti helstu tegunda fjármálagerninga sem viðskiptavini kann að standa til boða er aðgengilegt á heimasíðu Kviku eignastýringar. Viðskiptavinur lýsir því yfir að hann hafi kynnt sér það.

Það er á ábyrgð viðskiptavinar að kynna sér og meta þá áhættu sem felst í viðskiptum með þá fjármálagerninga sem hann óskar eftir eða felur Kviku eignastýringu að eiga viðskipti með fyrir sína hönd og má Kvika eignastýring ganga út frá því að það hafi viðskiptavinur gert.

Viðskiptavinur ætti að forðast að fjárfesta í eða eiga viðskipti með fjármálagerninga án þess að hafa fullnægjandi skilning á eðli og umfangi áhættunnar sem í því felst. Viðskiptavinur er ráðlagt að miða fyrirhugaða fjárfestingu og viðskipti út frá þekkingu sinni og reynslu, fjárhagsstöðu sinni og tapsþoli, sem og fjárfestingamarkmiðum.

Viðskiptavinur er ljóst að hann ber alla áhættu af og ábyrgð á öllum viðskiptum sem framkvæmd eru af hálfu Kviku eignastýringar fyrir hans hönd, óháð því hvort upplýsingar, ráðgjöf eða ráðleggingar hafi verið veittar af hálfu Kviku eignastýringar.

## **9. Fyrirmæli og samningar um fjármálagerninga**

### 9.1. Fyrirmæli

#### *Form og efni fyrirmæla*

Fyrirmæli um viðskipti með fjármálagerninga geta verið gefin munnlega eða skriflega, á varanlegum miðli (svo sem í gegnum netbanka viðskiptavinar, með bréfi, tölvupósti, fundargerð eða minnispunktum).

Fyrirmæli viðskiptavinar skulu vera skýr og innihalda þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að framkvæma umbeðin viðskipti.

Viðskiptavinur ber alla ábyrgð á og áhættu af fyrirmælum hans til Kviku eignastýringar, að þau séu fullnægjandi og í samræmi við skilmála þessa. Áskilur Kviku eignastýringar sér rétt til að framkvæma ekki fyrirmæli sem, að mati Kviku eignastýringar, eru ófullnægjandi.

Kviku eignastýringu er óheimilt að móttaka og miðla eða framkvæma fyrirmæli ef viðskiptavinur hefur ekki fengið útgefið LEI auðkenni (e. Legal Entity Identifier) eða gefur ekki upp einstaklingsauðkenni sitt. LEI auðkenni er 20 stafa númer sem notað er til að auðkenna viðskiptavinum sem eru lögaðilar. Viðskiptavinur skal tilkynna Kviku eignastýringu um LEI auðkenni sitt og einnig um allar breytingar tengdar LEI auðkenni sínu. Einstaklingsauðkenni auðkennir viðskiptavinum sem eru einstaklingar og ræðst af ríkisfangi einstaklings. Kviku eignastýringu er óheimilt að móttaka og miðla eða framkvæma tiltekin viðskipti án þess að viðskiptavinur gefi upp einstaklingsauðkenni. Nánari upplýsingar um LEI auðkenni og einstaklingsauðkenni má finna á heimasíðu Kviku eignastýringar.

#### *Móttaka fyrirmæla*

Fyrirmæli um viðskipti með fjármálagerninga eru skuldbindandi fyrir viðskiptavin frá þeim tíma sem þau eru móttækin af Kviku eignastýringu.

Viðskiptavinur getur þó óskað eftir að afturkalla fyrirmæli ef þeim hefur ekki þegar verið miðlað áfram af hálfu Kviku eignastýringar. Hafi Kvika eignastýring þegar miðlað fyrirmælum áfram til annars aðila er einungis unnt að afturkalla fyrirmæli að því marki sem Kviku eignastýringu er heimilt að afturkalla fyrirmæli sín til þess aðila.

Litið er á breytingar á fyrirmælum sem afturköllun þeirra og um leið sem ný fyrirmæli. Breytingar á viðskiptafyrirmælum geta haft áhrif á röð þeirra í viðskiptakerfum.

Kvika eignastýring áskilur sér rétt til að innheimta þóknunir, gjöld, og annan útlagðan kostnað sem kann að hljóta af afturköllun viðskiptafyrirmæla. Skal viðskiptavinur greiða Kviku eignastýringu þann kostnað og bæta Kviku eignastýringu allt það tjón sem afturköllun kann að hafa í för með sér.

#### *Framkvæmd fyrirmæla*

Kvika eignastýring hefur sett sér reglur um bestu framkvæmd viðskipta sem aðgengilegar eru á heimasíðu Kviku eignastýringar. Í þeim eru tilgreindir þeir aðilar sem fyrirmæli eru lögð fram hjá eða sem Kvika eignastýring sendir

fyrirmæli til um framkvæmd viðskipta. Jafnframt er þar kveðið á um hvernig Kvika eignastýring leitast við að ná fram sem hagstæðastri niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína, með tilliti til verðs, kostnaðar, hraða, líkna á að af viðskiptum og uppgjöri verði, umfangs, eðlis eða annarra þátta sem máli skipta.

## 9.2. Samningar

Kvika eignastýring staðfestir alla samninga sem viðskiptavinur hefur óskað eftir, þ.m.t. stundarviðskipti með gjaldeyri eða fjármálagerninga skiptasamninga og framvirka samninga með tilkynningu á varanlegum miðli (svo sem í netbanka viðskiptavinar, með bréfi eða tölvupósti). Viðskiptavinur skuldbindur sig til að samþykkja samninga við Kviku eignastýringu með undirritun sinni eða með samþykki á varanlegum miðli innan tveggja daga. Ef viðskiptavinur samþykkir ekki samninga í samræmi við framangreint er Kviku eignastýringu þó heimilt að telja samninga skuldbindandi fyrir viðskiptavinum.

## 9.3. Réttindi og skyldur Kviku eignastýringar

Skilmálar þessir leggja engar skyldur á herðar Kviku eignastýringu um að framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar eða gera samninga við viðskiptavinum. Kviku eignastýringu er heimilt að hafna því að framkvæma fyrirmæli eða gera samning við viðskiptavinum, án frekari skýringa.

Kvika eignastýring áskilur sér rétt til að afturkalla fyrirmæli sem Kvika eignastýring telur að séu sett fram í ólögum tilgangi. Jafnframt fyrirmæli sem leiða af óumdeilanlegri villu, broti á lögum eða reglum eða tæknilegum truflunum í viðskipta- og eða uppgjörskerfum.

Kvika eignastýring ber ekki ábyrgð á því tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir sökum framangreinds.

## 9.4. Gögn, tryggingar o.fl.

Viðskiptavinum er skylt að afhenda Kviku eignastýringu öll þau gögn sem Kvika eignastýring óskar eftir í tengslum við fyrirmæli eða samningsgerð og leggja fram þær tryggingar sem Kvika eignastýring krefst.

# 10. *Upplýsingar til viðskiptavinar*

Upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld vegna fjárfestingar- og viðbótarþjónustu, verða aðgengilegar á heimasíðu Kviku eignastýringar og eftir atvikum sérstaklega afhentar viðskiptavinum á varanlegum miðli áður en þjónustan er veitt, í samræmi við lög.

Þegar viðskipti hafa verið framkvæmd fyrir hönd viðskiptavinar eða önnur fjármála- eða viðbótarþjónusta innt af hendi mun Kvika eignastýring senda yfirlit eða annars konar staðfestingu á viðskiptum til viðskiptavinar, í samræmi við lög. Slík kvittun skal innihalda upplýsingar um kostnað og tengd gjöld við viðskipti, eftir því sem við á og lög kveða á um.

Kvika eignastýring mun hafa tiltækt samandregið yfirlit með upplýsingum um allan kostnað og gjöld, þ.m.t. í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjármálagerninga, sem er ekki tilkominn vegna undirliggjandi markaðsáætlu, til að viðskiptavinur geti áttá sig á heildarkostnaði og áhrifum hans á uppsafnaða arðsemi fjárfestingarinnar. Viðskiptavinur getur óskað eftir því að fá afhenta sundurliðun yfir einstaka kostnaðarþætti. Ef lög kveða á um verða þessar upplýsingar látnar viðskiptavinum reglubundið í té, eða a.m.k. árlega, á líftíma fjárfestingarinnar.

Ákveði Kvika eignastýring að framkvæma ekki fyrirmæli viðskiptavinar eða afturkalla fyrirmæli mun Kvika eignastýring leitast við að tilkynna viðskiptavinum um það eins fljótt og unnt er.

Viðskiptavinur skal yfirfara kvittun eða aðra staðfestingu um viðskipti um leið og hún berst honum. Hvers konar athugasemdir skal gera skriflega og án tafar, að öðru leyti verður litið svo á að viðskiptavinur geri ekki athugasemd við staðfestingu.

Kvika eignastýring áskilur sér rétt til að leiðrétta augljósar villur í kvittun eða annarri staðfestingu á viðskiptum.

Séu viðskipti tilkynningarskyld samkvæmt lögum, reglum viðskiptastaðar eða öðrum skuldbindingum sem Kviku eignastýringu er skylt að hlíta, samþykkir viðskiptavinur að Kviku eignastýringu sé heimilt að senda slíka tilkynningu.

## **11. Upptaka símtala og skjölun**

Kviku eignastýringu er skylt að varðveita þær símtalsupptökur og önnur rafræn samskipti sem leiða eða kunna að leiða til viðskipta fyrir eigin reikning eða móttöku, miðlunar og framkvæmdar fyrir mæla viðskiptavina.

Kvika eignastýring tekur upp og varðveitir öll símtöl við viðskiptavin sem varða fjárfestingarþjónustu, í samræmi við lög. Tilkynnt er um upptöku við upphaf símtals hverju sinni.

Starfsmönnum Kviku eignastýringu er óheimilt að miðla eða framkvæma fyrir mæli viðskiptavinar sem berast í gegnum símtöl sem ekki eru tekin upp.

Upptökur og önnur gögn sem varða veitingu fjárfestingarþjónustu eru varðveitt af Kviku eignastýringu í þann tíma sem lög kveða á um en almennt eytt að þeim tíma liðnum.

Slík upptaka samtala felur í sér vinnslu persónuupplýsinga, að því gefnu að unnt sé að persónugreina viðkomandi einstaklinga. Byggir vinnslan á lagaskyldu og fer um hana að öðru leyti eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og persónuverndarstefnu Kviku eignastýringar.

Kviku eignastýringu kann að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda eða veita aðgang að upptökum símtala og öðrum gögnum sem varða fjárfestingarþjónustu.

Viðskiptavinur samþykkir að upptökur séu lagðar fram í dómsmáli og að öðru leyti notaðar til sönnunar ef upp kemur ágreiningur milli Kviku eignastýringar og viðskiptavinar. Að öðru leyti skal Kvika eignastýring fara með slíkar upptökur og gögn líkt og aðrar upplýsingar um viðskiptavin er lúta þagnarskyldu samkvæmt lögum.

Viðskiptavinur getur fengið fá aðgang að eða afhentar skrár sem varða móttöku, miðlun og framkvæmd fyrir mæla hans.

## **12. Umboð og fyrirsva**

### **12.1. Umboð og fyrirsva viðskiptavinar**

Viðskiptavini er heimilt að veita öðrum umboð til að samþykkja skilmála þessa og koma að öðru leyti fram fyrir hönd hans gagnvart Kviku eignastýringu, hvort sem er almennt eða í tengslum við tiltekna fjárfestingarþjónustu.

Umboð skal vera skriflegt og fullnægjandi að öðru leyti, að mati eignastýringar. Ef umboð er ekki fullnægjandi getur Kviku eignastýring virt það að vettugi og ber þá ekki ábyrgð á hvers konar tjóni sem af því kann að hljóta.

Ef viðskiptavinur er lögaðili skal umboðið að jafnaði undirritað af þeim er rita firma lögaðila samkvæmt staðfestingu þess efnis og skuldbindur sig til að tilkynna Kviku eignastýringu þegar í stað ef breytingar verða þar á eða aðrar þær breytingar sem haft geta áhrif á skuldbindingargildi samninga viðskiptavinar við Kviku eignastýringu.

Umboð skal talið gilda þar til Kviku eignastýringu hefur borist skriflega tilkynning frá viðskiptavini um annað.

## **13. Uppgjör viðskipta með fjármálagernina**

Viðskiptavini ber að tryggja að þeir fjármálagerningar eða fjármunir sem honum ber að afhenda á uppgjorsdegi viðskipta séu til staðar á tilgreindum reikningum á uppgjorsdegi. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því tjóni sem Kvika eignastýring kann að verða fyrir sökum þess að fjármálagerningar eða fjármunir samkvæmt framangreindu séu ekki til staðar.

Þegar fjármálagerningar eru afhentir inn á vörslureikning viðskiptavinar sama dag og viðskiptin eiga sér stað, en greiðsla fer ekki fram á uppgjörsegi, heimilar viðskiptavinur Kviku eignastýringu að selja umrædda fjármálagerninga umsvifalaust í heild eða að hluta á hverjum þeim viðskiptastað sem Kvika eignastýring ákveður, innlendum eða erlendum, eða getur látið selja þá á nauðungaruppboði eða komið þeim í verð á hvern þann hátt annan, sem það kýs, og ráðstafa andvirðinu til skilvísrar og skaðlausrar greiðslu á kaupverði umræddra fjármálagerninga, höfuðstól, vöxtum, verðbótum, gengismun, dráttarvöxtum, innheimtukostnaði eða öðrum kostnaði, hverju nafni sem nefnist, allt að vali Kviku eignastýringar.

Komi til þess að Kvika eignastýring beiti framangreindum rétti eignast Kvika eignastýring kröfu á hendur viðskiptavini fyrir þeim mismun sem kann að verða á kaupverði umræddra fjármálagerninga og söluverði auk kostnaðar. Viðskiptavinur ber áhættuna af gengisbreytingum umræddra fjármálagerninga.

Nema um annað sé samið, skal Kvika eignastýringu vera heimilt að skuldfæra reikning viðskiptavinar eða óska eftir því reikningur viðskiptavinar hjá öðrum en Kviku eignastýringu sé skuldfærður, eftir því sem þörf er á í tengslum við uppgjör einstakra viðskipta. Sé þörf á atbeina viðskiptavinar skal hann gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni. Veiti viðskiptavinur ekki liðsinni er Kviku eignastýringar heimilt að leita til sýslumanns eða héraðsdóms til að framkvæma það sem viðskiptavinur gerir ekki.

## **14. Varðveisla fjármálagerninga og fjármuni, safnskráning o.fl.**

### 14.1. Almennt

Kvika eignastýring gerir viðeigandi ráðstafanir á hverjum tíma til að varðveita fjármálagerninga og aðra fjármuni viðskiptavina sinna lögum samkvæmt.

Kvika eignastýring mun halda fjármálagerningum og öðrum fjármunum viðskiptavinar tryggilega aðgreindum frá eignum Kviku eignastýringar og annarra viðskiptavina hans á sérstökum nafnskráðum reikningi. Kvika eignastýring mun jafnframt leitast við að tryggja, eftir bestu getu, að fjármálagerningar og fjármunir viðskiptavinar njóti verndar gagnvart lánardrottnum Kviku eignastýringar. Fjármunir viðskiptavina Kviku eignastýringar njóta verndar samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, eftir því sem við á.

Við upphaf viðskiptasambands vegna fjármálagerninga við Kviku eignastýringu er almennt stofnaður vörslureikningur í nafni viðskiptavinar á grundvelli skilmála þessara hjá Kviku banka hf. eða öðrum vörsluaðila. Vörsluaðili varðveitir fjármálagerninga viðskiptavinar og önnur verðmæti á vörslureikningi með tryggum hætti og ber ábyrgð á vörslu þeirra.

Vörslureikningur er skrá sem heldur utan um fjármálagerninga viðskiptavinar. Fjármálagerningar keyptir fyrir milligöngu Kviku eignastýringar verða í vörslu Kviku banka hf. eða annars vörsluaðila en viðskiptavinur getur óskað sérstaklega eftir að varsla þeirra verði annars staðar. Viðskiptavinur getur óskað eftir að aðrir fjármálagerningar í hans eigu verði settir í vörslu Kviku banka hf. eða annars vörsluaðila. Berist fjármálagerningar beint til viðskiptavinar sem eiga að vera í vörslu Kviku banka hf. eða annars vörsluaðila samkvæmt umboði eða samningi þar um, ber viðskiptavini að tilkynna Kviku eignastýringar um slíkt án tafar. Jafnframt skal viðskiptavinur tilkynna Kviku eignastýringar ef hann selur útgefna fjármálagerninga sem eru skráðir á vörslureikning hans hjá Kviku banka hf. Skili viðskiptavinur ekki til Kviku banka hf. fjármálagerningi sem hann fær sendan til sín, en hefur keypt fyrir milligöngu Kviku eignastýringar og á að vera í vörslu Kviku banka hf., þá mun Kvika banki hf. fjarlægja hann af vörslureikningi hans hjá fyrirtækinu.

Kviku eignastýringu er heimilt að stofna reikning hjá verðbréfamiðstöð í nafni viðskiptavinar til skráningar eignaréttinda viðskiptavinar yfir rafréfum í verðbréfamiðstöð. Sem þátttakandi í verðbréfamiðstöð hefur Kvika eignastýring milligöngu um eignaskráningu á rafréfum í verðbréfamiðstöð samkvæmt aðildarsamningi og lögum þar um.

### 14.2. Útvistun



Kvíku eignastýringu skal vera heimilt að fela þriðja aðila að sjá um vörslu fjármálagerninga viðskiptavinar, uppgjör og tengd verkefni. Í slíkum tilvikum kunna fjármálagerningar viðskiptavinar og Kvíku eignastýringar að standa til tryggingar á uppgjöri viðskipta með fjármálagerninga. Kann þá þriðji aðili, sem vörsluaðili, að eiga rétt til skuldajöfnunar. Réttarsamband viðskiptavinar og Kvíku eignastýringar helst að öðru leyti óbreytt. Fjármálagerningar viðskiptavinar kunna jafnframt að verða varðveittir af þriðja aðila á safnreikningi. Um þau réttaráhrif og áhættur sem fylgja varðveislu eigna á safnreikningi vísast til greinar 14.3.

Kvíka eignastýring ber enga ábyrgð gagnvart viðskiptavini vegna fjármálagerninga sem eru í vörslu þriðja aðila, að því gefnu að val á þriðja aðila hafi verið í samræmi við lög og Kvíka eignastýring hefur að öðru leyti sýnt af sér viðeigandi og eðlilega aðgæslu. Á þetta við jafnvel þótt þriðji aðili verði ógjaldfær.

#### 14.3. Safnskráning

Viðskiptavinur samþykkir að Kvíku eignastýringu sé heimilt að varðveita fjármálagerninga viðskiptavinar með safnskráningu í samræmi við lög. Safnskráning felur í sér þá þjónustu Kvíku eignastýringar að halda utan um eignir viðskiptavina sinna á eigin reikningi (safnreikningi) og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavina frá einstökum útgefendum fjármálagerninga.

Kvíku eignastýringu beri að halda skrá yfir hlut hvers viðskiptavinar fyrir sig og er skylt að veita Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um safnskráningu í samræmi við lög.

Helstu réttaráhrif safnskráningar eru:

- Viðskiptavinur getur ekki nýtt sér atkvæðisrétt sem fylgir fjármálagerningum á safnreikningum.
- Viðskiptavinur verður ekki skráður hlutaskrá útgefanda. Arður eða önnur réttindi sem koma frá útgefanda fara inn á safnreikning Kvíku eignastýringu og eru síðan skráð sem eign viðskiptavinar samkvæmt áður nefndri skrá.
- Komi til þess að bú Kvíku eignastýringar sé tekið til gjaldþrotaskipta eða greiðslustöðvun samþykkt, fyrirtækinu sé slitið eða sambærilegar ráðstafanir gerðar getur viðskiptavinur á grundvelli framangreindrar skrár tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi enda sé ekki ágreiningur um eignarhald. Ágreiningur um eignarhald getur hins vegar orðið til þess að réttindi tapist.

#### 14.4. Viðskipti utan Evrópska efnahagssvæðisins

Óski viðskiptavinar eftir viðskiptum með fjármálagerninga sem skráðir eru utan Evrópska efnahagssvæðisins kunna eignir viðskiptavinar, hvort sem þeir eru á vörslureikningi viðskiptavinar eða safnreikningi Kvíku eignastýringar, að falla undir löggjöf sem er utan lögsagnarumdæmis Evrópska efnahagssvæðisins sem getur leitt til annarrar réttarstöðu viðskiptavinar en leiðir af skilmálum þessum og íslenskum lögum.

### 15. Þóknanir og gjöld

Um þóknanir og gjöld fyrir fjárfestingarþjónustu sem veitt er á grundvelli þessara skilmála fer eftir gjaldskrá Kvíku eignastýringar eins og hún er birt á hverjum tíma á heimasíðu Kvíku eignastýringar, nema um annað sé samið.

Kvíka eignastýring, eða starfsmenn félagsins, kunna undir ákveðnum kringumstæðum og þegar allar kröfur sem um það gilda eru uppfylltar að þiggja ásættanlegan minniháttar ófjárhagslegan ávinning frá þriðja aðila, sbr. 28. gr. reglugerðar um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vörubröun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings nr. 976/2021.

Hvers konar aðra hvata sem félagið eða starfsmenn þess kunna að þiggja frá þriðja aðila í samræmi við lög og reglur verður upplýst um sérstaklega í samræmi við kröfur þar um.

### 16. Skuldajöfnuður

Um skuldajöfnuð í viðskiptum með fjármálagerninga samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli þeirra gildir eftirfarandi:

- Ef viðskipti eða samningar fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi í sömu greiðslu á sama degi, t.d. sömu mynt eða sömu tegund verðbréfa, er Kviku eignastýringu heimilt að krefjast skuldajöfnunar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er.
- Ef viðskipti eða samningar fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi sama dag en ekki í sömu greiðslu er Kviku eignastýringu engu að síður heimilt að krefjast skuldajöfnuðar þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er. Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt getur Kvika eignastýringar umreiknað greiðsluna í íslenskar krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajöfnuðar kemur.
- Ef skuldbindingar viðskiptavinar eru gjaldfelldar getur Kvika eignastýring beitt skuldajöfnuði á kröfur samkvæmt öllum samningum sem falla undir þessa skilmála þannig að hagnaður og tap hvors aðili um sig af öllum samningum verði gerðir upp í einu lagi og þannig mismunur til greiðslu ef einhver er.

Mat á verðmæti fjármálagerninga og umbreyting, skal fara eftir 17. grein.

Við endurnýjun, vanefnd, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti skulu skyldur Kviku eignastýringar og viðskiptavinar samkvæmt afleiðu jafnast hver á móti annarri, með skuldajöfnuði.

## **17. Vanefnd og gjaldfellingarheimildir**

Kviku eignastýringu er heimilt, en ekki skylt, að selja fjármálagerninga í heild eða hluta, gjaldfella eða loka samningum þegar viðskiptavinur vanefnir skuldbindingar sínar verulega. Með gjaldfellingu er átt við að lokadagur samnings er færður fram á gjaldfellingardag. Lokun með móttæðum samningi sem eyðir heildarmarkaðsáhættu skal fara fram á eðlilegu gengi miðað við markaðsgengi, markaðsvexti og kjör viðskiptavinar á þeim tíma. Við útreikning á hagnaði eða tapi er tekið mið af markaðsaðstæðum á gjaldfellingardegi. Beiti félagið sölurétti sínum eða gjaldfelli samning eignast félagið kröfu á viðskiptavin fyrir þeim mismun sem kanna að verða á kaupverði umrædds fjármálagernings og söluverði að viðbættum kostnaði.

Kvika eignastýring getur gjaldfellt samning sem gerður er á grundvelli skilmála þessara eða fært gjalddaga eða lokadag samnings fram með sjö daga fyrirvara ef það verður veruleg breyting á viðskiptakjörum Kviku eignastýringar vegna atvika sem honum verður ekki kennt um, að undangenginni tilkynningu til viðskiptavinar. Hið sama gildir verði verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum.

Neðangreind tilvik getur félagið ávallt talið verulega vanefnd á skyldum viðskiptavinar við félagið í framangreindum skilningi:

- Ef viðskiptavinur er í vanskilum við félagið með aðrar skuldbindingar en þær sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan tveggja bankadaga frá því að vanskil hófust eða er ítrekað í vanskilum við félagið.
- Ef viðskiptavinur leggur ekki fram fullnægjandi tryggingar eða viðbótartryggingar innan tilskilins frests.
- Ef viðskiptavinur er dæmdur til greiðslu peningaskuldar, hvort sem hún er færð í vanskilaskrá eða ekki, gert er fjárnám hjá viðskiptavin, hann óskar eftir greiðslustöðvun, nauðasamningum, formlegum sem og óformlegum, eða samningum við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda að hluta, lögð er fram umsókn um greiðsluaðlögun, lögð er fram beiðni um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna á íbúðarhúsnæði, samið er um eftirgjöf skulda, breytingu á skilmálum skuldabréfa eða lánssamninga til að laga skuldir að greiðslugetu eða eignastöðu viðskiptavinar eða heimilis hans, óskað er eftir greiðslujöfnun, sótt er um aðstoð vegna greiðsluvanda til fjármálastofnunar, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eða annar lánveitandi bregst við greiðsluvanda viðskiptavinar með því að veita skuldbreytingalán, fresta greiðslum á lánum eða lengja lánstíma, lögð er fram beiðni um gjaldþrotaskipti (eða lög heimila eða gera kröfu um

að slík beiðni sé lögð fram), beiðni er lögð fram um nauðungarsölu eigna viðskiptavinar eða fjárhag viðskiptavinar er þannig háttað að verulegar líkur eru á því að hann muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða önnur atvik svipuð eða sambærileg þeim sem að framan greinir eiga sér stað.

- Ef viðskiptavinur vanrækir upplýsingaskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum.
- Ef viðskiptavinur hefur vanrækt að tilkynna félaginu um ákvörðun um samruna, skiptingu félags í fleiri sjálfstæð félög eða breytingu á tilgangi félags.

Kvika eignastýring tilkynnir viðskiptavin um það þegar skuldbinding hans hefur verið gjaldfelld eða samningi/samningum lokað vegna verulegra vanefnda.

Komi til skuldajöfnuðar, gjaldfellingar eða lokunar samninga annast félagið útreikning á hagnaði eða tapi viðskiptavinar af viðeigandi samningum sem og á markaðsverðmæti trygginga, sbr. umfjöllun hér á eftir. Félagið skal senda viðskiptavin þann útreikning eigi síðar en fimmtán dögum eftir gjaldfellingu eða lokun samninga, geri viðskiptavinur kröfu þess efnis.

Þegar skuld er í gjalddaga fallin samkvæmt framansögðu er Kviku eignastýringu heimilt hvort heldur sem er

- að láta selja hið veðsetta nauðungarsölu til fullnustu á skuldinni án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar samkvæmt 6. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu, að því marki sem þörf er á til að félagið fái fullnaðargreiðslu eða
- selja hið veðsetta á markaði og/eða til aðila að vali félagsins og/eða taka til sín hið veðsetta að eigin vali að því marki sem þörf er á til fullnustu á kröfum félagsins. Skal verð hins veðsetta þá miðað við markaðsverð á þeim degi er félagið ákveður að nýta sér heimildina. Við mat á markaðsverðmæti fjármálagerninga sem skráðir eru í kauphöll skal miðað við lokaverð í viðkomandi kauphöll daginn áður en matið fer fram. Hafi verðmyndun þann dag verið óeðlileg að mati félagsins er heimilt að miða verðmatið við lokaverð fleiri bankadaga og taka tillit til veltu bréfanna einstaka daga. Við mat á markaðsverðmæti óskráðra bréfa er félaginu heimilt að nota eitt af þrennu: a. Síðasta viðskiptaverð, þ.m.t. gengi í síðustu hlutafjárhækkun félagsins. b. Framkvæma eigin verðmat. c. Taka mið af því verði sem önnur fjármálafyrirtæki eru tilbúin að greiða fyrir hið veðsetta.

Komi til þess að viðskiptavinur vanefni skyldur sínar við félagið verulega samþykkir viðskiptavinur að félagið hafi fullt og ótakmarkað umboð til að framselja fjármálagerninga viðskiptavinar, kvitta fyrir allar greiðslur og framkvæma allt það sem með þarf og félagið álitur sér hagkvæmt. Félaginu er heimilt að framselja þetta umboð. Verði þörf á frekari atbeina viðskiptavinar til að aðilaskipti að fjármálagerningum geti farið fram, t.d. með afhendingu hvers konar nauðsynlegra gagna, skuldbindur viðskiptavinur sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni og sinni viðskiptavinur því ekki, er félaginu heimilt að leita aðstoðar sýslumanns og dómstóla til að láta framkvæma það, sem viðskiptavinur sinnir ekki.

Félaginu er heimilt en ekki skylt að umreikna kröfur í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi, eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu, eða síðar. Skal í slíkum tilvikum miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands kl. 11.00 á uppgjörssdegi.

Viðskiptavinur skal greiða dráttarvexti af kröfu félagsins frá og með gjaldfellingardegi í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð. Gildir einu hvort kröfur eru í íslenskum krónum, hafa verið umreiknaðar í íslenskar krónur eða eru í erlendri mynt. Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 12 mánuðum eftir fyrsta dag vanskila.

Komi til vanefnda af hálfu viðskiptavinar á skyldum hans, skuldbindur viðskiptavinur sig til þess að greiða félaginu auk vaxta og dráttarvaxta allan kostnað sem félagið leggur út fyrir vegna vanefndanna, málsóknar eða annarra

réttargjalda, lögmannsþóknunar eða öðru er félaginu ber að greiða, svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu samkvæmt skilmálum þessum, auk kostnaðar samkvæmt gjaldskrá félagsins og/eða þess aðila sem tekur að sér innheimtu kröfunnar og/eða eftir ákvörðun dómstóla.

Komi til þess að skuldbindingar viðskiptavinar séu gjaldfelldar eða samningum lokað, að hluta til eða öllu, er félaginu heimilt á frekari fyrirvara að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptavinur hefur sett á hvern þann hátt sem félagið kýs, m.a. með sölu fjármálagerninga án nauðungarsölu. Er félaginu í sjálfsvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem settar hafa verið eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert.

## **18. Uppsögn**

Samningar sem gerðir á grundvelli þessara skilmála eru uppsegjanlegir af hálfu beggja aðila á hverjum tíma, nema um annað sé sérstaklega samið. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er 14 dagar og telst frá þeim degi sem uppsögn berst gagnaðila með sannanlegum hætti.

Kvika eignastýring getur einnig sagt upp samningum á grundvelli skilmála þessara án fyrirvara vegna endurskipulagningar viðskiptavinar, skiptingar, samruna, gjaldþrots eða yfirvofandi gjaldþrots, eða vegna andláts viðskiptavinar.

Við uppsögn viðskiptasambands gjaldfalla allar skuldbindingar viðskiptavinar gagnvart Kviku eignastýringu. Kvika eignastýring ráðstafar fjármálagerningum og fjármunum viðskiptavinar í samræmi við óskir viðskiptavinar sem skulu settar fram með sannanlegum hætti. Berist ekki slíkar óskir mun Kvika eignastýring annast vörslu fjármuna og fjármálagerninga í samræmi við skilmála þessa á þeim kjörum sem greinir í gildandi verðskrár Kviku eignastýringu á hverjum tíma.

## **19. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**

Kviku eignastýringu er nauðsynlegt og ber lagaskylda til að vinna persónuupplýsingar um viðskiptavinina sína til að gegna hlutverki sínu sem fjármálafyrirtæki og tryggja öryggi í fjárfestingarþjónustu. Kvika eignastýring ber almennt ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga. Þær upplýsingar sem um ræðir eru m.a. nafn, kennitala, heimilisfang og upplýsingar um einstök viðskipti viðskiptavinar.

Viðskiptavinur samþykkir að Kviku eignastýringu sé heimilt að vinna persónuupplýsingar um hann. Við vinnslu persónuupplýsinga er aðgangur takmarkaður við þá starfsmenn Kviku eignastýringar sem hann þurfa starfs síns vegna en Kviku eignastýringu er þó heimilt að miðla upplýsingum sem viðskiptavinur hefur afhent Kviku eignastýringu, t.d. vegna flokkunar viðskiptavinar eða beiðni um að vera fagfjárfestir. Auk þess er Kviku eignastýringu heimilt að miðla persónuupplýsingum um viðskiptavin til vinnsluaðila, aðila sem gert hafa þjónustusamning við Kviku eignastýringu eða aðila sem veita því þjónustu, ábyrgðarmanns að skuld viðskiptavinar eða annarra aðila sem viðskiptavinur heimilar auk eftirlitsaðila sem til þess hafa heimild samkvæmt lögum, s.s. Fjármálaeftirliti. Hið sama gildir um miðlun upplýsinga til dóttur- og hlutdeildarfélag Kviku eignastýringar. Þá er Kviku eignastýringu heimilt að miðla upplýsingum um vanskil viðskiptavinar sem varað hafa í a.m.k. 40 daga til Creditinfo til birtingar á skrá Creditinfo um vanskil o.fl. Fyrir lántöku og ef til vanskila kemur heimilar viðskiptavinur að Kvika eignastýring kanni og nýti sér allar þær upplýsingar sem er að finna um viðskiptavin í kerfi Creditinfo.

Persónuupplýsingar um viðskiptavin eru varðveittar á meðan viðskiptavinur er í viðskiptum, eins lengi og lög mæla fyrir um eða viðskiptahagsmunir Kviku eignastýringar krefjast þess og málefnaleg ástæða þykir til.

Viðskiptavinur á samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga rétt á vitneskju um þær persónuupplýsingar sem unnið er með eða hefur verið unnið með hjá Kviku eignastýringu. Þá á viðskiptavinur rétt á að rangar eða villandi persónuupplýsingar séu leiðréttar eða eytt.

## 20. Skattar

Ef skattur eða opinber gjöld skulu greidd vegna sammings eða einstakra viðskipta sem falla undir skilmála þessa skulu þau greidd af viðskiptavini.

Þegar viðskipti eru framkvæmd erlendis kann Kvika eignastýring að vera skylt að halda eftir fjármunum vegna staðgreiðslu skatta og annarra gjalda. Hið sama kann að eiga við þegar viðskipti eru framkvæmd á Íslandi fyrir erlenda viðskiptavini.

Í slíkum tilvikum skal Kviku eignastýringu heimilt að reikna út fjárhæð og halda eftir fjárhæð sem það telur að nemi staðgreiðslu. Þegar endanleg fjárhæð staðgreiðslu liggur fyrir mun Kvika eignastýring greiða mismuninn til viðskiptavinar, ef við á, eins fljótt og auðið er. Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir því að afla nauðsynlegra gagna í tengslum við framangreint og að þau séu rétt og fullnægjandi.

Í þeim tilvikum sem Kviku eignastýringu ber að innheimta skatta eða opinber gjöld af viðskiptavini skal Kviku eignastýringu heimilt að standa skil á slíkum gjöldum með skuldfærslu á reikningi viðskiptavinar, og, eftir því sem þörf er á, með sölu þeirra eigna sem standa til tryggingar fyrir viðskiptum viðskiptavinar hjá Kviku eignastýringu.

## 21. Ábyrgð

Kvika eignastýring getur ekki ábyrgst að unnt sé að afgreiða fyrirmæli viðskiptavinar um viðskipti á umbeðnu gengi.

Kvika eignastýring ábyrgist ekki réttar efndir samninga, sem Kvika eignastýring gerir fyrir viðskiptavin, af hálfu gagnaðila, óháð því hvort samningur hefur verið gerður í nafni Kviku eignastýringar einvörðungu, eða fyrir hönd viðskiptavinar.

Kvika eignastýring ber hvorki ábyrgð á eftirfarandi atriðum né beins eða óbeins tjóns sem rekja má til þeirra:

- Athafna eða athafnaleysis annarra en starfsmanna Kviku eignastýringar, þ.m.t. ráðgjafa.
- Að viðskiptavinur vanefnir skyldur sínar gagnvart Kviku eignastýringu með þeim afleiðingum að tryggingar eru seldar eða gengið að þeim að öðru leyti á lægra verði eða gengi en viðskiptavinur gerði ráð fyrir,
- Að beiðni um gerð sammings eða einstök viðskipti séu afgreidd á óhagstæðara gengi en fyrirmæli gerðu ráð fyrir, t.d. vegna gengisþróunar á þeim tíma sem það tekur að afgreiða beiðnina,
- Óhagstæðum skattalegum afleiðingum viðskipta eða vegna annarra atvika
- Frestunum eða breytingum á markaðsaðstæðum sem gerast áður en viðskipti eru framkvæmd.
- Að viðskiptavinur vanefnir skyldur sínar gagnvart Kviku eignastýringu með þeim afleiðingum að gengið er að tryggingum á lægra verði eða gengi en viðskiptavinur kann að hafa gert ráð fyrir.
- Lokun, bilun, truflun eða annarri röskun á starfsemi Kviku eignastýringar, svo sem vegna bilunar í tækjum, kerfum eða tölvubúnaði fyrirtækisins eða af öðrum hliðstæðum orsökum, óháð því þótt truflunin stafi af uppfærslu eða endurbótum en þegar þess er kostur skal Kvika eignastýring tilkynna viðskiptavini um slíkar truflanir með fyrirvara,
- Utanaðkomandi atburða án þess að starfsmenn Kviku eignastýringar hafi átt þar hlut að máli, s.s. vegna tæknibilana eða truflana í rekstri þriðja aðila,
- Óviðráðanlegra ytri atvika (e. force majeure), svo sem stríð eða yfirvofandi stríðsátök, hryðjuverk, náttúruhamfarir, verkfall, verkbann, lokun landamæra, viðskipta- eða hafnarbann, gjaldeyrishöft eða yfirtaka Fjármálaeftirlitsins á fjármála fyrirtæki eða sérstakar og óvenjulegar aðstæður á fjármálamarkaði.

- Annarra atburða sem eru stjórnmálalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu er Kvika eignastýring veitir, jafnvel þó að slíkir atburðir flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik.

**TAKMÖRKUN Á ÁBYRGÐ:** Hvorki Kvika eignastýring, stjórnarmenn, stjórnendur eða aðrir starfsmenn fyrirtækisins né umboðsmenn þess bera ábyrgð á tjóni, kostnaði eða útgjöldum, sem viðskiptavinur verður fyrir vegna viðskipta eða samninga sem stofnað er til á grundvelli þessara skilmála (þar með talið þar sem Kvika eignastýring hefur hafnað að framkvæmda fyrirsmáli eða að öðru leyti taka þátt í fyrirhuguðum viðskiptum) sökum gáleysis, nema slíkt tap sé almennt fyrirsjáanleg afleiðing eða beinlínis til komið vegna stórkostlegs gáleysis, ásetnings eða svika þessara aðila. Ábyrgð nær ekki undir neinum kringumstæðum yfir óbeint tjón viðskiptavinar, svo sem tap sem viðskiptavinur eða þriðji aðili verður fyrir vegna taps af hagnaði eða tapi á viðskiptavild eða tapi á viðskiptatækifærum sem upp koma eða til verða í tengslum við skilmála þessa, hvort sem er vegna vanrækslu, sanningsbrots, villandi upplýsinga eða öðrum orsökum.

## 22. *Breytingar á skilmálunum*

Kvika eignastýring áskilur sér rétt til að breyta skilmálum þessum. Verulegar breytingar verða tilkynntar viðskiptavini og öðlast gildi við tilkynningu og gilda þá um öll fyrirsmáli eða viðskipti eftir þann tíma. Viðskiptavinur samþykkir að slíkar tilkynningar séu sendar með rafrænum hætti svo sem með tölvupósti eða tilkynningu í netbanka viðskiptavinar. Aðrar breytingar öðlast gildi þegar uppfærðir skilmálar eru birtir á heimasíðu Kviku eignastýringar og gilda þá um alla fjármála- eða viðbótarþjónustu sem veitt er eftir þann tíma.

Skilmálar þessir eru staðlaðir; hvers konar áritanir, viðbætur eða aðrar breytingar, sem viðskiptavinur kann að gera á skilmálum þessum hafa ekkert gildi gagnvart Kviku eignastýringu.

## 23. *Ýmis ákvæði*

### 23.1. Kvartanir

Viðskiptavinur getur komið kvörtunum við fjárfestingarþjónustu á framfæri við regluvörslu ([regluvordur@kvikaegnistyring.is](mailto:regluvordur@kvikaegnistyring.is)), endurgjaldslaust. Um meðferð kvartana gilda innri reglur félagsins, sem eru aðgengilegar á vefsíðu Kviku eignastýringar.

Viðskiptavinur getur skotið ágreiningi um fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Nefndin er vísuð af Seðlabanka Íslands en nálgast má málsskotseyðublöð á heimasíðu Kviku eignastýringar eða á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

### 23.2. Framsal

Viðskiptavinur getur ekki framselt réttindi sín eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli hans nema með skriflegu samþykki Kviku eignastýringar

### 23.3. Lögsaga

Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum. Að því marki sem lög leyfa, afsala viðskiptavinir sem eru búsettir eða með heimilisfesti eða lögheimili í öðru ríki, þ.m.t. íslenskir ríkisborgarar, rétti sínum til að beita fyrir sig fyrir lögum þess ríkis.

### 23.4. Málshöfðun

Dómsmál sem varðar skilmála þessa eða samninga sem gerðir eru á grundvelli þeirra skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Sé viðskiptavinur búsettur eða með heimilisfesti eða lögheimili í öðru ríki skal Kviku eignastýringu þó vera heimilt (en ekki skylt) að höfða mál fyrir dómstólum þess ríkis.